

**Mál nr. 36/2011**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar G**

**Kona datt þegar hún var að fara niður af sviði þ. 24.5.2009**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 31.1.2011 ásamt fylgiskjölum nr. 1-12.
2. Bréf V dags. 21.2.2011 ásamt fylgiskjali

**Málsatvik.**

M var viðstödd útskriftartónleika eins nemanda síns sem voru haldnir í safnaðarheimili sem G hefur með að gera og umsjón með. Sviðið í safnaðarheimilinu er þannig hannað að rof er á framhlið þess a.m.k. á einum stað og þar eru tröppur, en færanlegar tröppur eru til staðar sem geta tekið við sem fótstig þar sem föstu tröppunum sleppir. Nokkur hæð er frá því að föstu tröppunum sleppir og niður á gólf. M segist hafa gengið niður af sviðinu en ekki séð að tvær neðstu tröppurnar þ.e. þær færanlegu höfðu verið fjarlægðar á þeim stað sem hún gekk niður. M hrasaði og féll í gólfíð og slasaðist. Tvö vitni staðfesta frásögn M. M telur G sem umsjónaraðila og rekstraraðila hússins bera ábyrgð á tjóni hennar og gerir kröfu um bætur úr frjálstri ábyrgðartryggingu G hjá V. Lögmaður M vísar til laga nr. 85/2007 um veitingastaði o.fl. og reglugerð 581/1995 um húsnæði vinnustaða og heldur því fram að umferðarleið að sviði safnaðarheimilisins hafi ekki verið í samræmi við tilvísuð lagaákvæði og beinlínis verið hættuleg. Þá segir að M hafi ekki séð að færanlegu þrepin hafi verið fjarlægð og því hafi hún orðið fyrir umræddu slysi. V hafnar bótaskyldu og segir að starfsmenn G hafi ekki fjarlægt færanlegu tröppuna í umrætt sinn auk þess sem G sem leigutaki húsnæðisins, beri ekki hlutlæga ábyrgð á því að þrepin hafi verið fjarlægð af öðrum. Þá bendir V á að færanlegur tröppubúnaður brjóti ekki í bág við skráðar réttarreglur.

**Álit.**

Sá búnaður sem var til staðar við svið safnaðarheimilis G þ.e. færanlegar tröppur brýtur ekki í bága við lög eða aðrar réttarreglur. Sú staðreynd að tröppurnar voru færanlegar gerir það að verkum að ekki er hægt að treysta því að þær séu ávallt til staðar á sama stað. Gegn eindreginni neitun G á því að starfsfólk G hafi fært færanlegu tröppurnar í umrætt sinn og þar sem engin gögn sýna að svo hafi verið er ósannað að starfsfólk G hafi fært tröppurnar þannig að meta megi þeim það til gáleysis. Ekki verður heldur fallist á að G geti með öðrum hætti borið skaðabótaábyrgð á tjóni M. M á því ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu G hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 15.3. 2011.

\_\_\_\_\_  
Rúnar Guðmundsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.